

Uppgræðsla í Krýsuvík innan beitarhólfs

Aðgerðir 2019 og áætlun 2020



Landgræðslan 2019
Lr 2019/33





LANDGRÆÐSLAN

Skýrsla nr.: LR-2019/33

Blaðsíður: 3

Dagsetning: 30. desember 2019

Heiti: Uppgræðsla í Krýsuvík innan beitarhólfs
Aðgerðir 2019 og áætlun 2020

Höfundar: Garðar Þorfinnsson

Ljósmyndir: Garðar Þorfinnsson


Verkefnisstjóri: Garðar Þorfinnsson

Unnið fyrir: Landgræðsluna

Forsíðumynd: Horft yfir hluta af uppgræðslusvæði í Krýsuvík

Útdráttur: Gerð er grein fyrir þeirri uppgræðslu sem unnið var að í beitarhólfi Hafnfirðinga í Krýsuvík 2019. Borið var á 59 ha lands og nam kostnaðurinn við það um 1,7 m.kr. Árið 2020 er áformað að vinna á um 66 ha og er áætlaður kostnaður við það um 1,7 m.kr.

Efnisorð: Beitarhólf, uppgræðsla, tilbúinn áburður


Undirskrift verkefnisstjóra

Inngangur

Unnið hefur verið að uppgræðslu í beitarhólfi Hafnarfjarðar í Krýsuvík frá árinu 1988 en uppgræðslan var á þeim tíma ein af forsendum þess að forsvaranlegt væri að hægt væri að nýta hólfið til beitar sauðfjár. Beitarhólfið var kortlagt árið 2013 af starfsmönnum Landgræðslunnar þar sem lagt var mat á ástand landsins og gerð skýrsla þar af lútandi. Í henni kom m.a. fram að stór landsvæði hefðu verið grædd upp en nokkuð væri í land að uppgræðslan gæti talist lokið og var því lagt til að haldið yrði áfram að bera á hluta af svæðinu og gera þannig gróður sjálfbærann.

Í skýrslu er sagt frá framkvæmdum ársins 2019 og lögð fram áætlun 2020 sem miðar einkum að því að tryggja varanleika undangenginna aðgerða.

Framkvæmdir 2019

Þann 3. júní 2019 fór undirritaður í skoðunarferð um uppgræðslusvæðið í fylgd með verktaka sem hefur séð um áburðardreifingu á svæðinu undanfarin ár. Lagt var upp með að skoða uppgræðslusvæðin niður á Krýsuvíkurbjargi en á þau hefur verið borinn tilbúinn áburður í nokkur ár, leiðin þangað reyndist hins vegar vera lokuð. Í ljósi þess var landsvæðið norðan við Stráka skoðað, það svæði fékk síðast tilbúinn áburð 2014 og var það mat undirritaðs að nauðsynlegt væri að bera á það að nýju þar sem gróðurþekja var ekki orðin nægjanleg. Áburðardreifing fór fram þann 8. júní og var dreift 13,2 tonnum af áburði á 59 hektara lands eða 223 kg/hektara. Staðsetningu dreifingar má sjá á korti 1. Heildarkostnaður við uppgræðsluna var um 1,7 m.kr.



Mynd 1. Horft yfir hluta af uppgræðslusvæðinu norðan við Stráka.


Áætlun 2020

Markmiðið er að halda áfram að bera á rýr svæði með það að markmiði að gera gróður sjálfbærann. Í áætlun fyrir árið 2020 er lagt upp með að borið verði á um 66 ha, uppgræðslusvæðið verður skoðað áður en ákvörðun verður tekin um hvar borið verður á vorið 2020.

Heildarkostnaður við þá framkvæmd er um 1,7 m.kr. á verðlagi ársins 2020. Áætlun þessi er sett fram með fyrirvara um fjármögnun verkefnisins og almennar verðlagsbreytingar. Fylgst verður með gróðurframvindu á uppgræðslusvæðunum næstu árin til að tryggja sem bestan árangur framkvæmda og gripið til viðeigandi aðgerða reynist þess þörf.

Lokaorð

Landgræðslan þakkar þeim samstarfið sem tekið hafa þátt í kostnaði við þetta brýna uppgræðsluverkefni á undanförunum árum. Verkefninu er ekki lokið og mikilvægt er að fjármagni verði áfram veitt til þess. Landgræðslan hvetur því samstarfsaðila til að styðja áfram við verkefnið fjárhagslega til að tryggja að sá árangur sem náðst hefur verði varanlegur.



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026